



## Tómstunda og menningarmálanefnd Skagastrandar

### FUNDARGERÐ

Fimmtudaginn 16. mars 2023 kl: 17:00 var fundur haldinn í tómstunda- og menningarmálanefnd Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins. Á fundinn voru mætt Arnar Ólafur Viggósson, Elmar J. Grétarsson, Helena Mara Velemir, Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir, og Guðlaugur Siggí Hannesson.

Alexandra Jóhannesdóttir sveitastjóri sat fundinn ásamt Reyni Lýðssyni fulltrúa frá Björgunarsveitinni Strönd.

Hrefna Dögg setti fundinn og stjórnaði honum.

#### Dagskrá.

##### 1. Kosning ritara.

Tillaga um að Elmar J. Grétarsson yrði ritari var samþykkt.

##### 2. Undirbúningur og hugmyndavinna vegna hátíðarhalda 2023 Hetjur Hafsins.

Farið var yfir dagskrá Sjómannadagsins í fyrra til viðmiðunar en Björgunarsveitin Strönd heldur hátíðina með stuðningi frá sveitarfélaginu. Björgunarsveitin hefur ákveðið að fá verkefnastjóra til þess að hafa utanumhald með hátíðinni og var Helena Mara fengin til verksins en hún var verkefnastjóri hátíðarinnar 2022.

Farið var yfir þá dagskrárliði sem að heppnuðust vel í fyrra og það sem hefði mátt fara betur. Helena mun leiða verkefnið fyrir björgunarsveitina og fá liðsinni frá nefndinni og sveitarfélaginu á meðan á vinnunni stendur.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 18:06

HREFNA DÖGG ÞORST  
Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir  
Arnar Ólafur Viggósson  
Arnar Ólafur Viggósson

Elmar J. Grétarsson  
Elmar J. Grétarsson  
Helena Mara Velemir  
HELENA MARA VELEMIR  
Guðlaugur Siggí Hannesson.  
Guðlaugur Siggí Hannesson

Reynir Lýðsson

Reynir Lýðsson  
Alexandra Jóhannesdóttir

ALEXANDRA JÓHANNESDÓTTIR